

## **Foreldrafélag Núps – Fundargerð**

**Fundur nr.:** 2 – skólaárið 2018/2019

**Staður:** Leikskólinn Núpur

**Dagsetning:** 28. Nóvember 2018

**Tími:** 20:30

**Fundaritari:** Kristín Fanney

**Mættir:** Auður, Áslaug, Ester, Halldóra og Kristín Fanney

**Dagskrá:** Viðburðir á haustönn 2018 og ákvörðun um dans

Fundurinn hófst á umræðu um jólasveinanna og buffin sem þeir eiga að gefa krökkunum. Búið er að láta merkja buffin hjá 66 norður með nafni hvers og eins. Á fundinum voru buffin flokkuð eftir deildum og sett í poka. Áslaug tók að sér að koma buffunum til Svönu/Bryndísar.

Ester sendi jólasveininum póst og fékk staðfestingu á því að hann væri búinn að taka frá tíma fyrir Leikskólann Núp. Hann ætlar einnig að senda póst á Svönu/Bryndísi.

Dansinn á vorönn er á dagskrá skv. Dagnýju danskennara, hún er búin að heyra í Svönu. Þær verðandi í sambandi í desember/janúar upp á hvaða tími hentar best.

Fréttabréf foreldrafélagsins er tilbúið, Halldóra sendir fréttabréfið á Bryndísi.

Rætt var um að hafa fyrirlestur fyrir foreldra, mögulega vera með leikskólanum Dal. Auður ætlar að athuga með fyrirlestra hjá Kvan. Áslaug heyrir í Sólstofan.

Jólaleikritið er 13. Desember, allt tilbúið fyrir það.